

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Úttekt

Janúar 2002

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Helstu niðurstöður	4
Fjölbrautaskóli Suðurlands	5
Stjórnun og skipulag	5
Samskipti	9
Kennarar	10
Nemendur	10
Nám og kennsla	12
Þróunarstarf	14
Stoðþjónusta	15
Aðstaða	18
Árangur	18
Framtíðarsýn	20
Styrkleikar og veikleikar	21
Tillögur	22

INNGANGUR

Eftirfarandi eru niðurstöður úttektar sem gerð var fyrir Menntamálaráðuneytið í desember 2001, en markmið verkefnisins var að leggja mat á starfsemi Fjölbrautarskóla Suðurlands. Verkefnið var unnið af Stefaníu Arnórsdóttur og H₂H Ráðgjöf ehf.

Upplýsinga var aflað með vettvangsskoðun, rýni gagna og viðtölum við stjórnendur, kennara, aðra starfsmenn skólans, nemendur og fulltrúa skólanefndar. Þann 4. og 6. desember voru tekin viðtöl í Fjölbrautarskóla Suðurlands. Rætt var við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fulltrúa skólanefndar, kennara, nemendur og annað starfsfólk. Í heimsóknum í skólann var gengið um húsnæði skólans, bóknáms- og verknaámshús. Einnig var heimavist skólans skoðuð. Í þessum skoðanaferðum komu fram ýmsar upplýsingar sem tengjast skólastarfinu og aðbúnaði nemenda og kennara.

Fjöldi skráðra gagna um starfsemi skólans undanfarin ár er fyrirbyggjandi. Stuðst var m.a. við þessi:

- Skýrslur um sjálfsmat 1998 og 1999 auk draga fyrir árið 2000.
- Skýrslur um framkvæmd skólasamning árin 1999 og 2000.
- Skýrslur deildarstjóra árið 2001.
- Fundargerðir skólanefndar 1998-2001.
- Skólaskýrslu 1981-1991.
- Upplýsingar um starfsfólk, menntun, starfsaldur og meðalaldur.
- Skýrslur um fjölda nemenda, aldur þeirra og kyn, námsárangur, þreyttar einingar, skiptingu á brautir og skiptingu eftir sveitafélögum og landshlutum.
- Skýrslu um skólalald á Litla-Hrauni.
- Handbók fyrir kennara.

Skólaárið 2000-2001 var óvenjulegt vegna verkfalls kennara, en þegar kjaradeilan leystist var unnið að því að ljúka skólaárinu á sem farsælastan hátt. Segja má að hefðbundið skólastarf hafi ekki hafist á ný fyrr en í upphafi haustannar 2001. Á síðasta vetri fór því margt úr skordum í framhaldsskólum, ekki síst hvað varðar ýmis konar verkefni stjórnenda. Þetta er rétt að hafa í huga.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Fjölbrautaskóli Suðurlands er menntastofnun með fjölbreytta, metnaðarfulla og kraftmikla starfsemi.
- Einkennandi fyrir skólastarfið er að stjórnendur taka frumkvæði að stöðugri þróun og eru vakandi fyrir nýjum tækifærum.
- Starfsandi er með afbrigðum góður. Er það einkum að þakka stjórnendum sem með stjórnunarstíl hafa skapað stofnuninni brag sem hentar skólastarfinu.
- Starfsmenn skólans hafa margir langan starfsaldur við skólann og þannig hefur myndast góður kjarni kennara og stjórnenda sem þekkja vel hver til annars og kunna að meta samstarfið. Skólanum hefur einnig haldist vel á kennurum sem komið hafa til starfa síðari ár.
- Félagslíf nemenda markast að nokkru leyti af mjög dreifðri búsetu nemenda, en gæti engu að síður verið öflugra.
- Aðstaða til kennslu og annars skólastarfs er yfirleitt góð enda er aðalbygging nýleg og sérstaklega hönnuð fyrir starfsemi skólans. Unnið er að undirbúningi fyrir byggingu íþróttahúss, en ætlunin er að í íþróttahúsinu verði einnig kennslustofur sem nú er farið að vanta. Vinnuaðstaða starfsmanna er víðast ágæt.
- Þegar rýnt er í helstu mælikvarða sem skólinn notar til að meta námsárangur má sjá að ágætar vísbendingar eru um að hann hafi þróast jákvætt undanfarin ár. Erfitt er að draga ályktun um hvernig skólinn stendur í samanburði við aðra skóla hvað námsárangur varðar.

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) á Selfossi var stofnaður 1981. Með stofnun skólans var brugðist við aukinni eftirspurn eftir námi á framhaldsskólastigi á Suðurlandi, en fram að þeim tíma hafði hafði Menntaskólinn á Laugarvatni sinnt því hlutverki auk framhaldsdeilda við grunnskóla á Selfossi, Skógum og Hvolsvelli sem og í Hveragerði þar sem einnig var starfrækt öldungadeild. FSu tók einnig við verkefnum iðnskólans á Selfossi.

Við FSu er boðið upp á bóknám og verknám á 28 brautum í dagskóla sem og í öldungadeild. Á sama tíma og nemendum í dagskóla hefur fjölgað hefur eftirspurn eftir námi í öldungadeild farið minnkandi síðustu ár og er hún ekki starfrækt í vetur. Við skólann er jafnframt starfsbraut, þ.e. sérdeild fyrir fatlaða nemendur.

Frá upphafi hefur FSu rekið útibú á Litla-Hrauni og auk þess hefur skólinn annast kennslu á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi frá 1995.

Á vegum FSu og annarra aðila hefur verið starfræktur Farskóli Suðurlands, þar sem boðið hefur verið upp á námskeið fyrir fyrirtæki, hópa og einstaklinga. Fyrir rúmum tveimur árum var í stað farskólans stofnað Fræðslunet Suðurlands. Aðstoðarskólameistari FSu er formaður stjórnar fræðslunetsins.

Aðsókn að skólanum á vorönn 2002 er meiri en áður og fengu 754 nemendur tilboð um skólavist. Í árslok 2001 voru kennarar 69.

STJÓRNUN OG SKIPULAG

Skipulag skólastarfsins

Skipulagi skólastarfsins er lýst í skólanámskrá. Skólanámskráin er um 75 bls. að lengd og skiptist í eftirfarandi kafla:

- Stefna, hlutverk og meginþættir skólastarfsins
- Nám og kennsla
- Málefni nemenda
- Aðbúnaður
- Stjórnun og starfsmannastefna
- Samskipti við aðila utan skólans
- Skólaþróun

Skólanámskrá hefur ekki verið fullgerð og gefin út formlega, þótt í núverandi drögum að skólanámskrá sé að finna yfirgripsmiklar lýsingar á skólastarfinu.

Við skoðun á skólanámskránni kemur í ljós að starfsemi skólans er ítarlega lýst þar á greinargóðan hátt. Umfangsmesti hlutinn er lýsing á náminu og skipulagi kennslu enda er

þar um að ræða skilgreiningu á „leikreglunum“, s.s. námskröfum, reglum og rétti nemenda.

Stefnt er að því að gerð skólanámskrár verði lokið 1. júní nk. Hins vegar skortir ennþá skýrar reglur um viðbótarnám við starfsnám til stúdentsprófs.

Ljúka þarf endurskoðun og fullgerð skólanámskrár og gefa hana formlega út sem gildandi skjal. Æskilegt væri að hafa skólanámskrána aðgengilega á vef skólans, en með þeim hætti er skjalastýring auðveldari gagnvart breytingum og dreifingu nýrra skjala.

Stjórnendur, stjórnskipulag og stjórnun

Stjórnskipulag skólans er að taka breytingum til samræmis við reglugerð menntamála-ráðuneytis og markmið kjarasamnings. Nýtt fyrirkomulag verður reynt á vorönn 2002 og endurmetið að henni lokinni. Nýtt skipulag felst í meginatriðum í því að ráðnir verða fjórir sviðsstjórar og 12 fagstjórar, auk þess sem yfirstjórn skólans verður nú skipuð fjórum en ekki þremur eins og tíðkast hefur. Er þetta umtalsverð breyting frá fyrra skipulagi.

Hlutverk sviðsstjóra verður annars vegar að starfa með stjórnendum að þverfaglegum og almennum málefnum skólans og hins vegar að stjórna samstarfi kennara og fagstjóra á sviðinu. Hlutverk fagstjóra verður í meginatriðum verkstjórn við gerð kennsluáætlaða, umsjón með prófum og námsmati í greininni og vali á námsefni.

Hið nýja fyrirkomulag virðist vel hugsað og gefur góð fyrirheit, en reynslan verður að leiða í ljós hvort árangur næst. Skynsamlegt er að endurmeta það að lokinni vorönn eins og gert er ráð fyrir.

Stjórnendur FSu hafa unnið lengi saman og virðast ná mjög vel saman. Skólameistari og aðstoðarskólameistari vinna vel saman og þrátt fyrir ákveðna verkaskiptingu sín á milli eru þeir samstíga og hafa náði samráð. Fundir skólameistara með aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og skrifstofustjóra eru haldnir reglulega og virðist samvinna og þátttaka vera mjög virk.

Stjórnendur eru aðgengilegir starfsmönnum og nemendum og virðast ávallt tilbúnir að nota þann tíma sem þarf til viðræðna. Þetta hefur að hluta til myndað þann jákvæða starfsanda sem ríkir í skólanum. Hins vegar hefur þetta haft þau áhrif að ýmsum viðfangsefnum hefur þurft að sinna utan hefðbundins vinnutíma og er álag á stjórnendur nokkuð mikið.

Stjórnendur njóta virðingar. Svo virðist sem gagnkvæmt traust ríki á milli kennara og annarra starfsmanna og yfirmanna. Er það án efa hvetjandi fyrir starfsmenn FSu og á sinn þátt í því að mynda góðan samstarfsvilja og skólabrag. Hefur það styrkt samvinnu og virka þátttöku starfsmanna í ýmsum þróunarverkefnum sem skólinn hefur unnið að.

Stjórnunarstill skólameistara virðist henta FSu mjög vel. Skólameistari er trúverðugur leiðtogi sem virðist ná að hrífa fólk með sér til verka og hefur honum tekist að skapa brag sem einkennist af vilja til að gera betur, reyna nýjar leiðir og nýta sér nýjustu tækni til að efla starfsemi skólans.

Ástæða er til að nefna dæmi til rökstuddnings þessari umfjöllun um stjórnun.

Fjármálaráðuneytið gerði umfangsmikla könnun hjá ríkisstarfsmönnum varðandi starfsumhverfi vorið 1999. Niðurstöður sýna viðhorf í FSu samanborið við viðhorf í öðrum framhaldsskólum:

Fullyrðing:	Mjög sammála Heild (%)	Mjög sammála FSu (%)
<i>Þegar á beildina er lítið er ég ánægður í starfi mínu</i>	30,1	50,0
<i>Góður starfsandi er ríkjandi innan stofnunarinnar</i>	28,2	71,1
<i>Þegar á beildina er lítið er ég mjög ánægður með stjórnun stofnunarinnar</i>	23,9	57,9
<i>Ávallt er vandað til ráðningar starfsfólks á stofnuninni og fyllstu blutdrægni gætt</i>	16,0	37,8
<i>Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan stofnunarinnar og snertir starf mitt</i>	21,0	37,8
<i>Ímynd stofnunarinnar í samfélaginu er jákvæð</i>	20,0	48,6
<i>Þegar á beildina er lítið er ég ánægður með næsta yfirmann minn</i>	34,6	57,9

Vorið 2000 var gerð könnun á meðal kennara 28 framhaldsskóla og af þeim 902 sem svöruðu voru 46 frá FSu. Oddný G. Harðardóttir gerði könnunina og er hún yfirgripsmikil og upplýsandi. Eftirfarandi tafla sýnir svör við nokkrum spurningum í könnuninni:

Fullyrðing:	Mjög sammála Heild (%)	Mjög sammála FSu (%)
<i>Á kennarastofunni er létt andrúmsloft</i>	41,1	76,1
<i>Hér er lögð mikið ábersla á samvinnu kennara</i>	16,4	28,3
<i>Kennarar eru taka virkan þátt í stefnumörkun skólans</i>	12,9	32,6
<i>Skólameistari hefur hvetjandi ábrif á framsækni skólustarf</i>	22,9	69,6
<i>Það ríkir afslappað andrúmsloft í skólanum</i>	18,4	50,0
<i>Skólameistari ráðferir sig við mig áður en mér eru útblutuð verkefni</i>	19,4	54,4
<i>Ég finn að skólameistari myndi styðja mig ef ég vildi breyta kennslubáttum mínum</i>	30,7	58,7
<i>Ég veit að skólameistari myndi styðja mig ef ég kæmi með hugmynd að þróunarverkefni</i>	31,2	71,7

Á undanförunum árum hefur verið unnið ötullega að innleiðingu sjálfsmats. Skólinn hóf 1997 þátttöku í evrópsku verkefni og hefur síðan unnið að þróun sjálfsmats, m.a. stýrir

skólinn evrópska SARAH verkefninu. Við sjálfsmatið hafa flestir lykilþættir starfseminnar verið kannaðir og hafa verið gerðar ítarlegar viðhorfskannanir hjá nemendum, kennurum, öðru starfsfólki og foreldrum. Hafa þær bæði tekið á kennslunni sjálfri og einnig flestum öðrum þáttum í starfsemi skólans, s.s félagslegum þáttum og aðstöðunni.

Sjálfsmatið hefur verið notað sem stjórnæki til að forgangsraða umbótastarfi og hefur verið unnið að þeim með skilgreindum verkefnaáætlunum og skýrri ábyrgð.

Innleiðingu sjálfsmatsins var gefinn góður tími og lögð rík áhersla á að þátttaka væri breið og að góð samstaða næðist um aðferðirnar, sem er skynsamlegt. Hins vegar hefur reynst tímafrekt að safna upplýsingum og vinna úr þeim, en kannanirnar hafa sumar verið umfangsmiklar. Um þessar mundir er verið að meta hvaða aðferðir henta best við sjálfsmat, en eðlilegt verður að teljast að þróun sjálfsmatslíkans taki einhvern tíma. Því hefur sjálfsmatið ekki ennþá breytt kennsluháttum að neinu verulegu leyti.

Til athugunar:

- Huga þarf að hvaða sjálfsmatslíkan verður lagt til grundvallar framvegis og taka þá tillit til þess að auðveldara verði að greina lykilmælikvarða á árangur og einnig að forsendur árangursins, þ.e. þær aðferðir sem beitt er, séu einnig metnar. Skilgreina þarf á hvern hátt úrtakskannanir geta nýst til að gefa vísbendingar um ástand og hver óvissa í niðurstöðum má vera. Jafnframt þarf að huga að því hvort ekki sé hægt að meta starfsemina að hluta til á annan hátt en með viðhorfskönnunum, t.d. með mati ákveðinna hópa stjórnenda og starfsmanna.

Auk þess að leggja ríka áherslu á sjálfsmat hefur verið ráðist í mörg markverð verkefni. Nefna má þátttöku í UT verkefni menntamálaráðuneytisins, stefnumörkun í umhverfismálum, gerð handbókar fyrir kennara, samræmdar ársskýrslur deildarstjóra o.fl.

Upplýsingamiðlun

Í FSu er gott upplýsingakerfi sem byggir á góðum tækjabúnaði, almennri notkun og góðu skipulagi og stjórn kerfisins. Nær allir kennarar hafa sér tölvur og er tölvueign nemenda mikil. Má atla að UT þróunarverkefnið sem FSu tekur þátt í ráði nokkru þar um.

Heimasíða FSu er mjög virk og virðist vel nýtt til miðlunar á upplýsingum um starfsemina. Skólameistari annast sjálfur umsjón með fréttum og því sem er framundan í starfinu, en það eitt sýnir að hluta til þær áherslur sem lagðar eru á virka upplýsingamiðlun og notkun upplýsingatækninnar. Á heimasíðunni er hægt að nálgast upplýsingar um áfanga, skipulag skólans o.fl.

Reglulegir fundir eru haldnir, m.a. til að miðla upplýsingum. Kennarafundir eru haldnir mánaðarlega, deildarstjórar halda reglulega fundi með sínu fólki og fundir yfirstjórnar eru vikulega.

SAMSKIPTI

Skólaandi, samstarf og samskipti starfsmanna

Í Fjölbrautaskóla Suðurlands ríkir góður andi. Starfsfólk, kennarar og aðrir eru samhentir og ánægðir með sitt samstarfsfólk og starfsumhverfi. Það kemur því ekki á óvart að í könnun sem gerð var meðal kennara í nóvember 1999 á því á hvaða sviðum FSu stæði sig best fékk starfsandi kennara flest stig. Aðrir starfsmenn virðast jafn ánægðir. Samskipti og samstarf virðast eins og best verður á kosið.

Einn starfsmaður orðaði það þannig að skólameistari laðaði fólk til góðra verka og má það til sanns vegar færa.

Samstarf við aðrar menntastofnanir

FSu hefur lengi átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ. Deildarstjórar og kennarar skólanna hafa haft með sér fundi á nokkurra ára fresti. Stjórnendur skólanna hittast fjórum til fimm sinnum á vetri og hafa unnið saman að verkefnum s.s. almennri braut og nú um frammistöðumat fyrir kennara, vægi símenntunar í starfsmati og nýskipan stjórnkerfis.

FSu hefur kynnt sig í grunnskólum á svæðinu og einnig hafa kennarar skólans haldið námskeið fyrir grunnskólakennara, einkum í náttúrufræði og hefur Fræðslunet Suðurlands haldið utan um þau námskeið. Þá hefur starfsnámsbrautin átt samstarf við Iðnskólann í Reykjavík og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Kennarar fata- og textílbrautar hafa samstarf við FG, FB, VMA og Hallormsstað

FSu á einnig samstarf við Háskólann á Akureyri, en hjúkrunarnemar á svæðinu sem stunda fjarnám í HA hafa fjarfundaaðstöðu í skólanum og njóta þjónustu bókasafnsins.

FSu hefur átt samstarf við skóla erlendis um ýmis verkefni. Í gegnum NordPlus Junior hefur verið unnið umhverfisverkefni um vatn í samvinnu við skóla í Svíþjóð og Finnlandi. Nú er í gangi skógræktar- og jarðfræðiverkefni. Nemendur hafa einnig farið í tvígang í námsferð til menntaskóla í Frakklandi, en tveir nemendahópar frá Frakklandi hafa einnig heimsótt FSu. Styrkur til þessa var veittur úr Lingua. Þá hefur FSu tekið þátt í samstarfsverkefnum sem fengið hafa styrki úr Leonardo og Sókrates áætlunum. Eitt verkefnið snýr að greiningu á þörfum lítilla fyrirtækja fyrir starfsmenn/lærlinga og aðferðir til að greina óskir ungs fólks um starfsvettvang og hæfileika þeirra. Annað verkefni snýr að notkun vefsíðna í námi í fullorðinsfræðslu með þátttöku skóla og stofnana í Englandi, Hollandi, Noregi, Svíþjóð, Spáni og Finnlandi.

Þá er sjálfsmatsverkefni skólans samvinnuverkefni við skóla erlendis.

Öll þessi verkefni hafa bæst við dagleg störf kennara, en munu eftir stjórnarfarsbreytingar aðallega verða í höndum sviðsstjóra.

Í desember 2001 hlaut skólinn ásamt Flensborgarskóla bronsverðlaun í Lissabon í evrópskri samkeppni um kennsluefni á tölvutæku formi.

Greinilegt er að stjórnendur og kennarar hafa í mörg horn að líta varðandi samstarf við aðra skóla innanlands og utan. Ætla má að svo fjölbreytt samskipti hafi örvandi áhrif á nemendur og kennara og störf þeirra. Þær skoðanir eru þó til að of mikill tími fari í þennan þátt, jafnvel á kostnað undirbúningsvinnu s.s. námsgagnagerðar.

Samstarf við aðila utan skólasamfélagsins

Skólinn hefur átt samstarf við ýmis fyrirtæki varðandi fyrirtækjaheimsóknir. Þá eru samskipti við atvinnurekendur í sambandi við starfsnámsnemendur sem fá dagsstörf í fyrirtækjum. Hefur allt þetta samstarf gengið með ágætum.

Nálægð við jarðskjálftamiðstöðina býður upp á áhugavert samstarf á sviði náttúruvísinda, en tengsl á milli hennar og FSu hafa verið að myndast.

KENNDARAR

Á haustönn 2001 voru 69 kennarar starfandi við FSu, 29 konur og 40 karlar, sem kenndu alls 1430,8 stundir, allt frá 6 stundum vikustundum upp í 36. Þrír af þessum 69 eru stjórnendur sem kenna ekki, skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Kennarar voru á aldrinum 23-70 ára; 7 kennarar fertugir, um það bil þriðjungur kennara undir fertugu og hinir eldri. Á vorönn 2001 störfuðu við skólann 26 deildarstjórar, þar af níu konur. Þannig var um þriðjungur kvenna deildarstjórar en tæpur helmingur karla.

Af 69 kennurum voru 44 með full kennsluréttindi á haustönn 2001, 10 kennarar voru titlaðir stundakennarar og 14 leiðbeinendur, þar af voru 7 stundakennarar, þannig að leiðbeinendur í föstu starfi voru 7. Níu hafa starfað við skólann í 20 ár eða allan tímann, þar af tveir stjórnendur (aðstoðarskólameistari og áfangastjóri). Alls hafa 26 kennarar kennt 10-19 ár og ellefu eru nýliðar. Þannig að hefur rúmur helmingur starfað við skólann í 10 ár eða lengur. Langflestir kennaranna eru búsettir á Selfossi og nágrenna-byggðarlögum.

Til athugunar:

- Æskilegt er að fjölga kennurum með full kennsluréttindi

NEMENDUR

Fjölbrautaskóli Suðurlands þjónar stóru svæði og búa margir nemendur fjarri skólanum. Flestir nemendur eru frá Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hellu og Hvolsvelli en margir búa einnig í sveitum og öðru þéttbýli. Fáir nemendur eru frá öðrum landshlutum en Suðurlandi.

Af 785 nemendum sem skráðir voru til náms á haustönn er um 300 ekið til og frá skóla daglega. Þannig eru þessir nemendur flestir farnir til síns heima kl. 16.15 og taka ekki

þátt í félagslífi í skólanum eftir það, nema eitthvað sérstakt standi til. Í frímínútum og matartímum safnast saman nemendur frá ákveðnum svæðum, en margir þeirra hafa áður gengið í sama grunnskóla.

Félagslíf

Kvöldvökum þar sem nemendur sjá um að skemmta hver öðrum hefur fjölgað á síðustu önn, en almennt er félagsstarf fremur lítið. Meginskýringin á því er fjarlægð skólans frá heimilum nemenda og skortur á íþróttaaðstöðu.

Á hverri önn eru haldnir nokkrir dansleikir á vegum Nemendafélagsins á hótelinu og í húsakynnum vítt og breitt um nágrennið. Þrátt fyrir að haldnir séu fundir með lögreglu, aðstandendum dansleikjanna og skólayfirvöldum fyrir dansleikina hefur talsvert borið á ölvun. Greinilegt er starfsfólk skólans og forsvarsmenn nemenda hafa miklar áhyggjur af þessu, enda óviðfeldið fyrir skólann að leggja nafn sitt við slíkar samkomur og var m.a. aflýst fyrirhuguðum dansleik til að sýna alvöru málsins. Á vef skólans er myndarlegur forvarnarvefur. Starf forvarnarfulltrúa var auglýst í desember s.l.

Kór Fjölbrautarskóla Suðurlands hefur lengi verið mikilvægur þáttur í félagslífi skólans og er kórstarfið nú sem fyrr öflugt.

Skólareglur

Af framansögðu er greinilegt að áfengisneysla er vandamál sem þarf að taka á enda brot á reglum skólans. Reykingar eru bannaðar í húsum og á lóð skólans. Vel gekk að halda reykingum í skefjum í fyrra, en eitthvað virðist hafa slaknað á lóðamörkunum á haustönninni í vetur. Agamál á haustönn 2001 hafa verið fleiri en á undanförunum misserum og eru nýnemar fyrirferðarmeiri en oft áður.

Í FSu hefur að gefnu tilefni verið unnið að betri mætingu nemenda og sér sérstakur starfsmaður um þetta mál nú. Vegna hækkaðs sjálfræðisaldurs er forráðamönnum nemenda tilkynnt um skólasókn þeirra eftir fyrstu 6 vikurnar. Sérstakur starfsmaður hefur aðhald með nemendum með slaka mætingu. Þá er haldinn nýnemafundur með forráðamönnum í upphafi skólaárs.

Gefnar eru einkunnir fyrir mætingu og réttur til próftöku ákvarðast m.a. af mætingu. Þegar helmingi leyfilegra fjarvista er náð fær nemandi viðvörun og skrifar undir svokallaðan „gulan miða“. Nái nemandi ekki 80% mætingu í áfanga telst hann hafa sagt sig úr honum og þannig fyrirgert próftökurétti.

Af þessum sökum og einnig ef nemandi skráir sig úr áfanga eftir 1. viku eða mætir ekki í próf fær hann einkunnina F í áfanganum og telst fallinn.

Vinna nemenda

Mikill fjöldi nemenda stundar vinnu með náminu, mismikla en sumir í talsverðum mæli. Má ætla að vinna með námi sé í FSu á svipuðum nótum og í flestum öðrum framhaldsskólum og stendur hópi nemenda verulega fyrir þrífum í námi. Sveiflur á vinnumarkaði virðast ekki hafa teljandi áhrif á eftirspurn eftir vinnuframlagi nemenda.

Til athugunar:

- Leggja þarf áherslu á að draga eftir föngum úr áfengisneyslu á dansleikjum.
- Æskilegt er að glæða félagslíf og auka virkni nemenda sjálfra í skemmtanahaldi.
- Hraða ætti byggingu íþróttahúss til að auka íþróttir í skólalífinu.
- Leita þarf leiða til að draga úr vinnu nemenda með námi og gera þeim ljóst að nám er það starf sem á að hafa forgang á meðan það er stundað.

NÁM OG KENNSLA

Hvað varðar mat á námi og kennslu er aðallega stuðst við þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendur undanfarin ár og viðtöl við kennara í desember 2001.

Í matskýrslunni frá desember 1998 kom fram jákvæð heildarniðurstaða hvað varðar nám og kennslu. Spurningalisti varðandi gæði náms og kennslu var lagður fyrir í öllum áföngum. Framkvæmd og úrvinnsla var í höndum aðila utan skólans. Einungis kennarar sjálfir fengu að vita niðurstöður úr hverju námskeiði.

Að mati nemenda leið þeim flestum vel í kennslustundum, þeir töldu álag hæfilegt og voru ánægðir með námsefnið, kennarana og kennsluna og fannst tíminn í skólanum nýtast vel. Rúmur helmingur bjóst við að fá einkunnina 7-8 og rúmlega 1/10 bjóst við að fá 9-10.

Í skýrslu stýrihóps um sjálfsmat fyrir árið 1999 kemur fram að í kjölfar matsverkefnisins 1998 var unnin aðgerðaáætlun og ábyrgðarrit, þar sem verkefni voru skilgreind, þeim fengnir ábyrgðaraðilar og dreift á næstu annir. Voru þessar áætlanir vel unnar og af miklum metnaði, en ekki hefur tekist að fylgja þeim öllum eftir.

Til að bæta gæði náms og kennslu skyldi unnið að eflingu hópinnu, aukinni einbeitingu í síðustu kennslustundum, samræmingu á reglum um seinkomur og áróður aukinn gegn mikilli vinnu með námi. Aðhald skyldi auka með verkefnaskilum og voru í því samhengi gerðar athuganir á kennsluáætlunum vorannar 1999. Einnig var ákveðið að koma á vettvangsaðstoð við kennara að hætti Suðurnesjamanna og var Oddný G. Harðardóttir, aðstoðarskólameistari í FS, fengin til að kynna aðferðina, sem kennarar prófuðu síðan.

Kanna skyldi gæði náms og kennslu á vorönn 1999, sem aðeins var gert í einum áfanga. Þá skyldi skólameistari eiga trúnaðarviðtöl við þá kennara er þess óskuðu á vorönn 1999. Enginn kennari fór í viðtal. Kanna átti afdrif brautskráðra nemenda og viðhorf þeirra til skólans og þess hvernig námið þar hefði nýst þeim. Á tuttugu ára afmæli skólans haustið

2001 voru könnuð afdrif nemenda er stunduðu nám í grunndeild rafiðna á fyrstu árum skólans og er það greinilegt að flestir höfðu haldið áfram í námi og störfum tengdum því.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki hefur tekist að fylgja eftir aðgerðaáætlun í sumum greinum, en tvær eru veigamestar, verkfall kennara og mikið kennsluálag kennara, sem þrátt fyrir það hafa áorkað miklu í ýmsum verkefnum auk kennslunnar. Miklar kjarabætur í kjölfar síðustu samninga ættu að gefa kennurum færi á að draga úr kennslustundafjölda.

Í mars 2000 var skv. aðgerðaáætlun lögð fyrir könnun á gæðum kennslu og náms á tilteknum sviðum í móðurmálsáföngum og verklegum áföngum (byggingagreinum, textílgreinum, málm- og rafiðnaðargreinum og teikningu). Þar kom fram að tæp 70% nemenda töldu sér líða vel í kennslustundum áfangans og 50-75% lýstu sig mjög sammála eða sammála því að vinnuálag og þyngd áfangans væri hæfilegt. Tæp 50% voru sammála eða mjög sammála því að lesefnið væri hæfilega þungt og fjöldinn á bilinu 50-60% var sammála eða mjög sammála því að námsefnið væri vel uppbyggt, hæfilegt að magni, fjölbreytt, áhugavert, greinargott, að það ýtti undir skilning á efninu og að verkefni og próf endurspegluðu áherslur áfangans.

Hvað varðaði kennsluna sjálfa þá voru 58-77% nemenda sammála eða mjög sammála því að kennarar væru vel undirbúnir, sinntu kennslunni vel, fylgdu kennsluáætlunum og bæru virðingu fyrir nemendum, kennslustundir nýttust vel og álag í þeim væri hæfilegt en 45% voru sammála eða mjög sammála um að kennslan væri fjölbreytt og 41% um að kennslan hvetti til átaka í námi.

Í kringum 50% voru sammála eða mjög sammála um að nemendur væru áhugasamir, að þeir teldu sig fá góða kennslu, að þeir trufluðu sjaldan kennsluna að óþörfu og að þeir væru virkir í tímum.

Tæpur fjórðungur var sammála eða mjög sammála því að nemendur sinntu heimanámi vel, en hlutlausir voru 46%.

Persónulega voru 76% nemenda sammála eða mjög sammála því að þeir sjálfir ynnu vel í kennslustundum, 44% því að þeir sinntu vel heimanámi, 45% að þeir ættu auðvelt með áfangann og tæp 50% að áfanginn væri áhugaverður/skemmtilegur.

Hvað varðar einkunnir áttu 9% von á að fá 9-10, og 40% væntu þess að fá 7-8 (13% og 54% í könnuninni 1998).

Heildarniðurstaðan af þessari könnun er fremur jákvæð fyrir kennslu í FSu. Kennarar rækja störf sín vel, námsefnið virðist vel valið og hæfilega skammtað, próf í samræmi við kennsluefnið og afstaða nemenda til náms og kennslu er í flestum greinum jákvæð.

Heimanám virðist nokkuð sitja á hakanum og tengist eflaust vinnu utan skóla sem er sameiginlegt vandamál á landsvísu og nauðsynlegt er að taka á með öðrum aðferðum en þeim sem reyndar hafa verið hingað til.

Skólinn býr einkar vel að nemendum sem njóta sérkennslu á starfsbraut en á haustönn 2001 voru 20 nemendur í þessari deild. Sérfræðingur (sérkennari) sér um brautina og einnig starfar þar þroskaþjálfari auk annarra kennara skólans er að henni koma. Í byrjun stóð nám á starfsbraut aðeins í 3 annir en er nú 8 anna nám. Vegna umfangs brautarinnar væri ekki óeðlilegt að annar sérkennari væri ráðinn að henni. Þá þarf að tryggja starfinu öruggari fjárveitingu frá ríkinu en hún hefur verið háð umsóknum fyrir hverja önn og reynst of lág, þannig að fjárhagsstaða brautarinnar er óhagstæð.

Í mörg ár hefur skólinn annast kennslu í fangelsinu að Litla Hrauni og hefur hún gefist vel og nokkrir útskrifast. Skólaganga fanganna getur þó vegna aðstæðna reynst skrykkjótt.

ÞRÓUNARSTARF

Mat á skólastarfi í FSu hófst með námskeiðum fyrir kennara og stjórnendur skólans árið 1997. Mat á gæðum skólastarfs (Evaluating Quality in School Education) var evrópskt tilraunaverkefni um sjálfsmat sem FSu sótti um vorið 1997 og fékk ásamt öðrum íslenskum skóla, Menntaskólanum við Sund. Átta kennarar sóttu námskeið um sjálfsmat í ágúst 1997. Skyldu þessir átta síðan mynda stýrihóp sem ynni að sjálfsmati fyrir skólann. Áhersla var lögð á fimm þætti: Persónu- og félagsþroska, hlut tímans í námi, gæði náms og kennslu, skólann sem félagslegan vettvang og skóla og samfélag. Vinna við verkefnið stóð fram á haustið 1998 en í desember það ár kom út skýrsla stýrihóps um það.

Vegna hvatningar frá Evrópusambandinu til Landsnefndar verkefnisins að halda vinnunni áfram, ákvað skólinn að finna erlenda samstarfsskóla og sækja um styrk í sjóð Comeniusar. Samstarfsskólarnir eru í Englandi og Þýskalandi, ítalskur skóli slóst í hópinn síðar. Fyrsti samstarfsfundur var haldinn á Selfossi í feb. 1999, en FSu gegnir forustu í verkefninu. Síðan hafa fulltrúar skólanna er þátt taka í verkefninu sem nefnt er SARAH (Self Assessment Report As Hallmark) skipst á heimsóknum og þannig stutt hver annan. Megin markmið verkefnisins er að bæta skólastarfið með því að beina athygli að námi og kennslu. Voru haldnir 19 fundir í stýrihópnum í FSu árið 1999. Samkvæmt skýrslu hópsins fyrir árið 1999 var lokið við að gera spurningalista varðandi gæði náms og kennslu, þannig voru unnin drög að heildstæðu sjálfsmatskerfi, en samkvæmt því skyldi meta ákveðna þætti í skólastarfinu árlega en aðra á nokkurra ára fresti, en þó ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í mars 2000 var lögð fyrir nemendur í áföngum móðurmáls og verk- og listgreina könnun á gæðum náms og kennslu. Síðan átti á vorönn 2001 að leggja fyrir könnun á áföngum erlendra mála og raungreina, á vorönn 2002 í stærðfræði- íþrótt- og sérgreinaáföngum og á vorönn 2003 í samfélagsgreinum og UT-áföngum. Ýmsar hindranir voru í veginum, s.s. verkfall kennara haustið 2000 og rofnaði því samfellan í könnunum þessum, en drög að skýrslu um könnunina á vorönn 2000 liggja fyrir.

Auk sjálfsmats hefur verið unnið að ýmsum fleiri þróunarverkefnum.

Í Nát106 eru tveir áfangar í náttúrufræði kenndir saman. Þar er beitt hópvinnu og leitarnámi, m.a. með því að nota upplýsingatekni. Fimm kennarar sjá um áfangann, þrjú

kenna í einu. Áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og þykir þessi tilraun hafa tekist með ágætum, en náð er fylgst með árangri af þessu þróunarverkefni.

Skólinn hefur tekið þátt í Nordplus vatnaverkefni og er nú í Nordplus verkefni um jarðfræði og skógrækt. Þá hefur umhverfisverkefni verið í gangi.

Eitt stærsta þróunarverkefnið er þátttaka skólans í UT ásamt MA og FÁ, sem hófst árið 1999. Í tengslum við þetta verkefni hafa kennarar skólans sótt námskeið í tölvufræðum innan húss og utan og nota nú vel flestir fartölvur. Margir nemendur nota fartölvur og tölvuver skólans eru vel búin. Sérstakur kerfisstjóri hefur verið ráðinn til að sjá um kerfið. Þetta verkefni er virkt í ýmsum greinum t.d. í Nát106, sem áður er getið. Þá fékk skólinn bronsverðlaun í Lissabon í des. sl. fyrir tölvutæk kennslugögn.

Dreifkennsla er stunduð í FSu og standa nú til boða námskeið í tölvufræðum.

Þá hefur skólinn tekið þátt í Lingua verkefnum og tveir hópar heimsótt Frakkland og fengið hópa nemenda í heimsókn til sín í tvígang.

STOÐÞJÓNUSTA

Skrifstofa

Á skrifstofu skólans starfar skrifstofustjóri ásamt tveimur starfsmönnum. Skrifstofan annast almenn skrifstofustörf sem til falla í skóla, en skrifstofustjóri annast einnig þýðingar, fartölvukaup nemenda og umsjón með þeim. Skrifstofustjóri er áfangastjóra til aðstoðar við innslátt á einkunnum og gerð skírteina. Hann annast sömuleiðis skráningu mætinga ásamt öðrum starfsmönnum skrifstofu.

Bókasafn

Bókasafn skólans er staðsett í glerhúsi í miðri aðalbyggingu skólans og er því vel sýnilegt. Safnið er á tveim hæðum, niðri eru safnkostur og afgreiðsla, sem er um leið vinnuástaða bókavarda. Lesaðstaða nemenda er á báðum hæðum, alls 46 sæti. Á safninu eru tvö stöðugildi og starfa auk forstöðumanns í fullu starfi tveir starfsmenn í 70% og 30% störfum. Er annar þeirra nemi í bókasafnsfræði en hinn með mikla starfsreynslu á skólabókasafni.

Safnkosturinn er skráður í Metrabók og telur um 13.000 titla, bækur, tímarit (60-70), myndbönd, hljóðefni, margmiðlunardiska, o.m.fl. Takmarkað rými er fyrir safnkost í safninu sjálfu og hefur því rúmgóðri geymslu nýlega verið bætt við í kjallara. Á Netinu er aðgangur að fjölda gagnasafna, og auk tölva hafa nemendur einnig aðgang að skanna og hljóðupptökutækjum, sem eru staðsett í sérstöku herbergi í kjallara og nýtast vel í tungumálanámi. Þar er líka vísir að aðstöðu fyrir hópvinnu.

Aðföng eru aðallega skipulögð í samvinnu við kennara, en einnig berast safninu gjafir frá einstaklingum, útskriftarhópum og fyrirtækjum, oft í samráði við bókasafnið. Fjármagn til aðfanga er háð viðmiðunartölu frá stjórnendum.

Auk hefðbundinna bókasafnsstarfa sjá starfsmenn um safnkynningu sem allir nemendur fá. Þá hafa starfsmenn bókasafnsins séð um safnkennslu í tengslum við ákveðna áfanga, t.d. Lífsleikni og Nát 106, en þá er kennd gagnaöflun á Netinu. Einnig aðstoða bókaverðir nemendur við skönnun á gögnum.

Safnið á samstarf við Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi og þegar bókasöfn á Suðurlandi tengjast hinu nýja Aleph kerfi mun samvinna þeirra innbyrðis og við allt landið aukast að mun.

Bókaverðir fylgjast vel með, sækja námskeið innanhúss og utan auk funda og ráðstefna sem tengjast starfinu og forstöðumaður tekur þátt í störfum Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum.

Til athugunar:

- Bæta þarf vinnuástöðu bókavarda sem er mjög takmörkuð.
- Æskilegt væri að fjölga hillum í safninu sjálfu og bæta aðstöðu til hópinnu.
- Bókasafnið og starfsemi þess ætti að koma inn í sjálfsmatið.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi hefur starfað við skólann í fullu starfi í meira en áratug. Áður var starfið á höndum reynds kennara með viðbótarþjálfun í faginu en síðasta haust var ráðinn starfsmaður með próf í námsráðgjöf frá HÍ. Mikið er leitað til námsráðgjafa, sem tekur á námsvandamálum og persónulegum vandamálum nemenda. Á haustönn 2001 voru tekin yfir 400 viðtöl. Allir nýnemar fara í lesskilningspróf við upphaf skólaárs, þeim sem verst koma út er vísað til sérkennara skólans sem annast frekari lesgreiningu hjá þeim. Unnið er að því að koma upp sálfræðiþjónustu auk þess sem verið er að ráða starfsmann sem mun að hluta til sinna ráðgjöf til nemenda.

Læknisþjónusta

Læknir mætir á staðinn einu sinni í viku og geta nemendur náð tali af honum án þess að panta tíma og endurgjaldslaust. Þetta fyrirkomulag reynist vel.

Endurmenntun starfsmanna

Á undanförunum misserum hafa starfsmenn sótt fjölda tölvunámskeiða, flest innan skólans en einnig utan hans, m.a.s. utanlands. Þetta hefur gerst í kjölfar þess að FSu er einn af þrem framhaldsskólum sem hafa sinnt sérstaklega UT þróunarverkefni í upplýsingatækni.

Margir starfsmenn hafa að auki sótt lengri og skemmri námskeið í sinni grein. Lengri námskeið hafa kennarar sótt í stærðfræði og námskrárgerð, en verið er að vinna að námskrá skólans og því mikilsvert að fagmaður leiði hópinn.

Skólinn hefur ekki sett sér sérstaka símenntunaráætlun, en greinilegt er að starfsfólk sækir þau námskeið sem gagnast beint í starfi. Fram kom að stjórnendur skólans eru þess mjög hvetjandi að starfsfólkið sækir endurmenntunarnámskeið og eru tilbúnir að veita stuðning geri aðrir það ekki. Starf endurmenntunarstjóra hefur verið til umræðu, en hann verður ekki ráðinn að sinni.

Námsaðstoð

Allir nýnemar taka lesskilningspróf í upphafi námsins og síðan eru þeir sem standa sig báglega sendir í lesgreiningu til sérkennara skólans. Þá eru nemendur einnig látnir ganga undir starfsetningarpróf. Fyrir þá sem þessa þurfa er í boði aðstoð hjá sérkennara og námskeið í stafsetningu, sem einnig tekur á lestri. Erlendir nemendur fá sérkennslu í íslensku auk þess sem tvítyngdir nemendur fá aðstoð af svipuðum toga.

Hollvinasamtök

Skólinn nýtur velvilja margra aðila, má þar nefna fyrrverandi nemendur, sem færa skólanum góðar gjafir og fyrirtæki á Suðurlandi, sem hafa brugðist vel við og tekið á móti nemendum í heimsóknir og starfsþjálfun og stutt hann á ýmsan máta. Stjórnendur FSu hafa ásamt öðrum unnið að undirbúningi fyrir hollvinasamtök skólans og er áformað að fyrrgreindir aðilar, starfsmenn skólans og aðrir áhugasamir taki höndum saman um að styðja skólann. Undirbúningsstofnfundur var haldinn í tengslum við tuttugu ára afmæli skólans nú í haust.

Upplýsingatækni

Í tengslum við UT-þróunarverkefnið er umfangsmikið tölvukerfi í skólanum. Í húsum skólans er þráðlaust net og 320 – 330 stöðvar. Í skólanum eru 90-100 borðtölvur og um 220 fartölvur, þar af 54 í eigu skólans. Nær allir kennarar hafa nú tekið fartölvur í þjónustu sína og notkun skjávarpa hefur mikið aukist. Upplýsingatæknin býður ýmsa möguleika í kennslu og námi, dreifnám hefur verið stundað síðustu misseri í nokkrum áföngum og mun fara vaxandi. Upplýsingaflæði í skólanum hefur að sjálfsögðu aukist með bættri tækni.

Kerfisstjórn er mjög mikilvæg í jafn umfangsmikilli starfsemi. Kerfisstjórn er í höndum tölvunarfræðings sem jafnframt er reyndur kennari, en auk hans starfa fleiri starfsmenn að uppbyggingu og viðhaldi tölvukerfisins.

AÐSTAÐA

Húsnæði skólans er nýlegt og sérstaklega hannað fyrir starfsemina. Almennt má segja að aðstaðan sé mjög góð en miðað við núverandi nemendafjölda er húsnæðið að verða of lítið. Því er unnið að undirbúningi að stækkun skólahúsnæðisins með viðræðum við yfirvöld, en áformað er að byggja íþróttahús við skólann og koma auk þess fyrir nokkrum kennslustofum í þeirri byggingu.

Núverandi skólabygging hentar vel fyrir kennslu og býður upp á ágæta aðstöðu fyrir nemendur, sem er mjög mikilvægt þar sem nemendur eru margir lengi í skólanum vegna fjarlægða frá heimilum og skipulags skólaaksturs. Sveiflur í hitastigi í húsinu hafa þó verið talsverðar.

Verknámshús er aðskilið frá aðalbyggingu skólans, en þar fer fram bókleg kennsla og verkleg. Aðstaða og tækjakostur þykir góður til verklegrar kennslu.

Aðstaða starfsmanna skólans, kennara sem annarra, er yfirleitt ágæt en mætti sums staðar vera rúmbettri. Aðstaða kennara er á tveimur hæðum. Horft hefur verið til þess að tengja megi vinnurými, setustofu og kennarastofu betur með því að setja upp hringstiga og bæta þannig aðstöðuna í heildina.

Á vegum skólans er starfrækt heimavist með um 20 íbúum. Hún er í nokkurri fjarlægð frá skólanum í húsnæði sem getur ekki talist sérstaklega hentugt. Skólaakstur hefur gefist það vel að óskir um byggingu stærri heimavistar hafa ekki verið áberandi.

ÁRANGUR

Til að meta árangur af starfi FSu má nota margvísleg viðmið og mælikvarða. Enginn þeirra er þó algildur sem kvarði á heildarárangur skólans. Sé árangurinn borinn saman við aðra framhaldsskóla þarf líka að hafa hugfast að hlutverk skóla, stefna og markmið eru mismunandi sem og væntingar mismunandi hagsmunaaðila til þeirra. Þannig verður að einnig að meta árangurinn út frá því hvort skóli hefur náð þeim markmiðum sem hann setur í ljósi stefnumörkunar.

Rétt er að hafa í huga að FSu þjónar mörgum og ólíkum hópum nemenda. Sérdeild skólans má t.d. meta út frá mörgum þáttum öðrum en námsárangri, sömuleiðis útibúin á Litla-Hrauni og Sogni í Ölfusi. Fjölbreytni er því meiri en víðast annars staðar og því er ósanngjarnt að gera kröfur um að skólinn geti á öllum sviðum verið í fremstu röð, þótt skólinn hafi mikinn metnað til að standa sig vel.

Skólinn hefur með innleiðingu sjálfsmats sjálfur lagt ríka áherslu á að kanna væntingar og viðhorf mismunandi hagsmunaaðila til starfseminnar og nýtt niðurstöðurnar að einhverju leiti við þróun starfseminnar. Færa má rök að því að sú aðferð muni skila sífellt betri árangri, þar sem unnið er markvisst í því að bæta forsendur árangursins, þ.e. þær aðferðir og þau vinnuferli sem skólinn beitir.

Sem vísbendingar um árangur eru þó nokkrir þættir tilgreindir hér, en það er: þróun nemendafjölda, fjöldi brautskráðra, staðnar einingar, brottfall og þreyttar einingar.

Fjöldi nemenda og brautskráðra

Fjöldi nýinnritaðra nemenda hefur verið frekar vaxandi undanfarin ár og er aðsókn því að aukast:

Nýinnritaðir	Vor	Haust
1997		219
1998	24	229
1999	23	230
2000	22	258
2001	21	243

Á þeim tveimur áratugum sem skólinn hefur starfað hafa 2.555 nemendur brautskráðst og eru um 53% þeirra af stúdentsbrautum, 20% af iðnbrautum og 16% úr grunndeildum. Fjöldi brautskráðra nemenda síðustu ár er eftirfarandi:

Ár	Fjöldi
1996	126
1997	134
1998	149
1999	135
2000	148

Staðnar einingar

Einn mælikvarði á skólastarfið er fjöldi staðinna eininga. FSu tekur í lok hverrar annar saman yfirlit yfir alla áfanga og árangur í þeim en úr því má m.a. lesa hversu margar einingar eru “staðnar” í hverjum áfanga. Eftirfarandi tafla gefur til kynna hvernig síðustu annir hafa komið út en í henni er einnig að finna meðaltal lokinna eininga í dagskóla.

Önn	Staðnar ein.	Hlutfall staðinna ein.	Meðaltal lokinna ein. dagskóla
Vor 2000	9.000	79,7%	13,16
Haust 2000	10.250	78,9%	13,39
Vor 2001	9.438	84,4%	14,17
Haust 2001	13.489	82,5%	14,18

Af töflunni má ráða að á tveimur síðustu árum hefur stöðnum einingum fjölgað, bæði í einingum talið og einnig hlutfallslega. Sama er að segja um meðaltal lokinna eininga dagskóla, sem er 0,79 einingum hærra á haustönn 2001. Rétt er að hafa í huga að verkfall

hefur líklega einhver áhrif á þessu tímabili, en erfitt er að draga sérstaka ályktun um hvernig það hefur áhrif á þessar staðreyndir. Auk þess er rétt að hafa í huga að frá haustönn 2000 eru taldar með einingar í „núll“ áföngum.

Brottfall og „þreyttar einingar“

Ein vísbending um árangur í skólastarfinu er brottfall. Ekki er hægt að skoða brottfall sem algildan mælikvarða, heldur einn af mörgum vísunum á þann heildarárangur sem næst. Óraunhæft er að ætla að brottfall geti horfið en ljóst er að mikilvægt er að lágmarka það.

Brottfall nemenda hefur verið eftirfarandi á liðnum misserum:

Brottfall	Vor	Haust
1997	9,7%	6,8%
1998	8,2%	6,6%
1999	6,1%	6,9%
2000	7,3%	10,6%
2001	5,5%	7,2%

Segja má að brottfall sé heldur að minnka þrátt fyrir árið 2000, en verkfall framhaldsskólakennara hefur greinilega áhrif á þær tölur.

Við fjárveitingar hefur verið tekið mið af því sem nefnt er „þreyttar einingar“, þ.e. margfeldi af fjölda nemenda og þeirra eininga sem prófin sem þeir þreyta gefa. Þessi mælikvarði er mjög mikilvægur fyrir skólann í ljósi tengingarinnar við fjármagn sem skólinn fær. Hins vegar er full ástæða fyrir yfirvöld menntamála að velta fyrir sér hvort hann gefur í raun rétta mynd af árangri og hvort eðlilegt er að hafa þessa viðmiðun jafn beintengda fjárveitingum.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um árangur brautskráðra stúdenta FSu eftir að námi lýkur, t.d. frammistöðu við Háskóla Íslands í samanburði við nemendur annarra framhaldsskóla. Slíkar upplýsingar gefa einhverjar vísbendingar um árangur og hljóta að vera gagnlegar við umbótastarf í skólum.

Í heildina má því draga þá ályktun að ágætar vísbendingar séu um jákvæða þróun en erfitt er að gera nákvæma grein fyrir hversu góður árangur síðustu missera er, þar sem ætla má að áhrif verkfalls framhaldsskólakennara hafi verið veruleg á skólastarfið.

FRAMTÍÐARSÝN

Fjölbrautaskóli Suðurlands er fjölbrautaskóli sem þjónar stóru landsvæði og ólíkum þörfum um nám. Þannig er bæði boðið upp á bóknað og verknám og einnig sérstakar námsbrautir s.s. fyrir fatlaða og seinfæra, kennslu á Litla-Hrauni ofl.

Ekki verður annað séð en skólastarfið muni áfram byggja á grunnhugmyndum um fjölbætt og fjölbreytt nám og hefur á síðari misserum hefur verið reynt að auka það enn frekar, t.d. með verknámi sem tengist áherslum atvinnulífisins á skólasvæðinu. Dæmi um það er kennsla í söðlasmíði og tilraun til að taka upp kennslu í kjötið. Aðild skólans að Fræðsluneti Suðurlands er einnig til þess fallin að auka á verkefni fremur en ekki.

Í ljósi stöðu FSu sem þróunarskóla í UT má ætla að í skólanum muni þróast kennsluáðferðir sem geta nýst öðrum í sambandi við tölvunotkun í námi og kennslu. Skólinn býður nú dreifnám á sviði tölvufræða í Angel kennsluforriti sem er nýtt hér á fjarnámsmarkaðnum og þykir efnilegt. Unnið er að því að efla dreifnámið og nýta þá sérþekkingu og reynslu sem skólinn býr yfir og er ástæða til að ætla að svo geti orðið.

Vegna nálægðar við jarðskjálftamiðstöð og legu á virku jarðsvæði og auðugu náttúrusvæði getur skólinn aflað sér sérstöðu með áherslu á náttúrufræði. Kennarar skólans hafa þegar hafið þverfaglegt þróunarstarf í náttúrufræðum og UT og er spennandi að fylgjast með þróun þess í framtíðinni.

Viðræður hafa staðið yfir milli skólans og Íslenska reiðskólans um samstarf. Með tilliti til nálægðar við eitt blómlegasta landbúnaðarhérað landsins gæti skólinn boðið upp á nám sem tengdist hestum og landbúnaði yfirleitt. Samhliða má benda á tækifæri í menningar-tengdri ferðaþjónustu sem skólinn getur lagt lið.

Undanfarið hefur dregið úr aðsókn í málmiðn. Mikilvægt er að halda í verklegar greinar sem þegar eru kenndar og þróa þær áfram.

Skólinn á einnig sóknarfæri í fjarkennslu og dreifkennslu í kjölfar UT átaksins. Eftirspurn eftir henni er mikil og sýnt að VMA annar ekki eftirspurn.

Tækifæri skólans eru margvísleg og mikilvægt fyrir stjórnendur að vinna áfram að stefnumótun, þar sem m.a. er skilgreind framtíðarsýn og hvernig hún getur orðið að veruleika.

STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR

Í ljósi þess sem greint er frá hér að framan má draga saman nokkur atriði sem telja verður til helstu styrkleika FSu:

- Skólanum er stýrt af liprum og framsæknum leiðtoga sem nær að hrífa starfsfólk með sér.
- Stjórnun er markviss og eru fjölmargar stjórnunaraðferðir samþættar og í sífelldri þróun. Vitnisburður um það er sérstök viðurkenning sem skólinn fékk ásamt tveimur öðrum ríkisstofnunum vorið 2000 frá fjármálaráðherra, en viðurkenningin var veitt fyrir að skara fram úr og vera til fyrirmyndar í starfi sínu.
- Stjórnendahópurinn hefur mikla reynslu og vilja til að ná árangri.
- Starfsmenn mynda samheldinn og áhugasaman hóp, m.a. er ákveðinn kjarni sem hefur unnið saman í yfir 15 ár.
- Einstaklega góður starfsandi ríkir í skólanum.

- Mjög gott upplýsingakerfi sem stuðlar að sífelld aukinni hagnýtingu upplýsingatækni við kennslu.
- Sterkt starfsmannafélag.
- Mikill nýsköpunarkraftur og áhugi til að finna nýjar og betri leiðir.
- Nýtt og endurbætt fyrirkomulag á skólaakstri, sem er mjög þýðingarmikill fyrir stóran hóp nemenda.
- Gott húsnæði og aðstaða almennt.
- Móttaka nýrra kennara er í mjög góðum farvegi.
- Hollvinasamtök eru að fæðast.
- Unnið er að merkilegum nýjungum í kennsluháttum, þ.á.m. eru NÁT 106 áfanginn og nýtt fyrirkomulag með dreifkennslu, sem hvort tveggja eru áhugaverð verkefni.

Auk þess eru atriði sem telja má að betur mættu fara:

- Ýmsum verkefnum hefur seinkað vegna áhrifa verkfalls og er sumum verkefnum, s.s. útgáfu endurskoðaðrar skólanámskrár og úrvinnslu og hagnýtingu síðustu sjálfsmatskönnunar, ennþá ólokið.
- Stefnumörkun skólans er nokkuð ljós í huga starfsmanna, en engu að síður eru hvergi sett fram formlega og á skýran hátt stefna, hlutverk og meginmarkmið.
- Of mikið álag hefur verið á stjórnendum.
- Kennsluhlutfall sumra kennara hefur verið hærra en æskilegt getur talist.
- Húsnæði er að verða of lítið fyrir starfsemina.
- Félagsstarf nemenda er ekki mjög mikið, sem að hluta til kann þó að vera eðlilegt vegna dreifðar búsetu nemenda.
- Árangur í forvarnastarfi hefur látið á sér standa.
- Agamálum hefur fjölgað..

TILLÖGUR

Þótt niðurstaða úttektarinnar sé almennt jákvæð eru engu að síður nokkur atriði sem ástæða er til að benda á, en þau ættu að skoðast sem hugmyndir að aðgerðum til umbóta.

- Leggja þarf áherslu á að ljúka vinnu við stefnumótun sem unnin var fyrir meira en ári og setja fram á skýran og aðgengilegan hátt stefnu, markmið og leiðir.
- Skilgreina þarf lykilmælikvarða á árangur skólans, sem unnt er að mæla reglulega á tiltölulega einfaldan hátt.
- Æskilegt er að taka ákvörðun sem fyrst um hvaða sjálfsmatslíkan verður lagt til grundvallar starfseminni á næstu árum.
- Ljúka þarf og gefa formlega út skólanámskrá. Þótt núverandi drög séu vissulega yfirgripsmikil er mikilvægt að skólanámskráin verði fullgerð og taki formlega gildi sem fyrst.

- Brýnt er að vinna að lágmörkun brottfalls. Eðlilegt að endurmeta þær aðferðir sem beitt hefur verið.
- Knýja þarf á um skýrari svör og reglur frá menntamálaráðuneyti vegna viðbótarnáms.
- Kanna ætti grundvöll heimavistar.
- Auka þarf áherslur á forvarnastarf.